

206

6. nóv.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögum á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð dags. 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 6. nóvember 1943.*

**Björn Ólafsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

207

9. nóv.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveituna á Akranesi, nr. 89 21. september 1926.

1. málsgrein 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á rafmagni skal fyrst um sinn vera sem hér segir: Til ljósa kr. 1.30 fyrir hverja kílóvattstund, til iðnaðar 80 aurar fyrir hverja kílóvattstund, og kr. 1.00 á mánuði fyrir hvern rafmagnsmæli yfir starfstímann.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um raforkuvirki, nr. 83 frá 1932, sbr. vatnalög nr. 15 frá 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Páll Pálmason.*